

Auglýsing um friðland í Melrakkaey

Samkvæmt heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að lýsa Melrakkaey, á Grundarfirði friðland.

*Um friðlandið gilda þessar reglur:* Bannað er að fara í eyna án leyfis [Umhverfisstofnunar] eða umboðsmanns þess. Skot eru bönnuð nær eyrni en 2 km. og netalagnir  $\frac{1}{4}$  km frá stórstraumsfjörumáli. [Umhverfisstofnun] er heimilt að leyfa nýttjar æðarvarps og annarra hlunninda. Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Felld eru úr gildi eldri ákvæði um friðun eyjarinnar.

Ráðuneytið er samykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skírskotun til 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Í menntamaáráðuneytinu, 3. apríl 1974.

Magnús T. Ólafsson

---

Knútur Hallsson